

2. júní 2017

Fyrsta Uppkast

ATVINNUSTEFNA SKEIÐA- OG
GNÚPVERJAHREPPS

FYRSTA UPPKAST

ATVINNUMÁLANEFND

ÁVÖRP	2
YFIRSTJÓRN SVEITARFÉLAGSINS?.....	2
INNGANGUR	3
GREINING TÆKIFÆRA	3
STAÐA ATVINNULÍFS	4
ÞÆTTIR INNAN SVEITARFÉLAGSINS	5
STYRKLEIKAR Í ATVINNUMÁLUM	5
VEIKLEIKAR Í ATVINNUMÁLUM	5
ÞÆTTIR UTAN SVEITARFÉLAGSINS.....	5
HELSTU ÓGNANIR Í ATVINNUMÁLUM.....	6
TÆKIFÆRIN Í ATVINNUMÁLUM	6
STEFNA OG FRAMTÍÐARSÝN	7
HLUTVERK	7
FRAMTÍÐARSÝN	7
AÐGERÐIR	7
MARKMIÐ	8
MENNTUN OG RANNSÓKNIR.....	8
MENNING OG SKAPANDI GREINAR	9
IÐNAÐUR OG LANDBÚNAÐUR	10
VERSLUN OG ÞJÓNUSTA	12
LÝÐHEILSA OG UMHVERFISMÁL	13
FERÐAÞJÓNUSTA.....	14
EFTIRFYLGNI	15

Ávörp

Yfirstjórn sveitarfélagsins?

Hér koma nokkur orð frá yfirstjórn sveitarfélagsins?

Fyrsta uppkast

Inngangur

Stefna og framtíðarsýn Skeiða- og Gnúpverjahrepps í atvinnumálum.

Í þessari skýrslu birtist stefna Skeiða- og Gnúpverjahrepps í atvinnumálum sem unnin var á fyrri hluta ársins 2017. Stefnan byggir á gögnum sem urðu til á vinnustofu sem haldin var á grundvelli samstarfs sveitarfélagsins og atvinnuþróunarsviðs SASS í desember 2013. Jafnframt var horft til niðurstöðu hugmyndasmiðju félags um atvinnuuppbyggingu við Þjórsá sem haldinn var í nóvember 2016.

Breytingar urðu á nefndarskipan í atvinnumálanefnd Skeiða- og Gnúpverja-

hrepps í febrúar 2017. Tveir nýir nefndarmenn komu inn í stað annarra sem hættu störfum í nefndinni. Nýju nefndarmennirnir voru Bjarni H. Ásbjörns-son og Matthildur María Guðmundsdóttir. Áfram sat Björgvin Þór Harðarson. Bjarni var skipaður formaður nefndarinnar.

Nefndin hélt reglulega fundi fram undir vorið og er afrakstur þeirrar vinnu grunnurinn að atvinnustefnunni sem fer hér á eftir.

Greining tækifæra

Sveitarfélagið stofnaði til vinnustofu í desember 2013 þar sem valdir íbúar í sveitarfélaginu voru sérstaklega beðnir um að taka þátt. Vinnustofan var einnig auglýst opin öllum áhugasömum íbúum. Vinnustofan var skipulögð og framkvæmd í samstarfi við atvinnuþróunarsvið SASS.

Meðal annars var unnin greining á styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum sveitarfélagsins þar sem þátttakendur í vinnustofunni drógu upp þau atriði sem þeim fannst skipta mestu máli í hverjum þætti fyrir sig.

Gjálp, félag um atvinnuuppbyggingu við Þjórsá, hélt hugmyndasmiðju í Þjórsárskóla þann 12. nóvember 2016 þar sem meginmarkmiðið var að hefja umræður

um tækifæri til atvinnusköpunar við Þjórsá. Fundurinn var auglýstur og opin fyrir áhugasama, ásamt félagsmönnum Gjálpar. Hann var unnin í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands og íslenska ferðaklasann. Þátttakendur á þessum fundi endurspegluðu nokkuð hóp yngra fólks innan sveitarfélagsins sem og brottfluttra úr sveitarfélaginu.

Á þessum fundi var unnin SVÓT greining á svipaðan hátt og í vinnustofunni árið 2013. Niðurstöður greiningarinnar voru á svipuðum nótum og niðurstaðan í fyrri greiningunni en þó var blæbrigðamunur á hvað varðar náttúru og afþreyingu.

Staða atvinnulífs

Atvinnulíf í Skeiða- og Gnúpverjahreppi er fábreytt og byggist að mestu leyti á landbúnaði, iðnaði og störfum við leik- og grunnskóla. Ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein en nýtur ekki aukningar í fjölda ferðamanna undanfarin misseri til fulls.

Nokkur hluti íbúanna sækir atvinnu utan sveitarfélagsins, enda er sveitarfélagið miðsvæðis á Suðurlandi og fjarlægð í næstu þéttbýli innan þeirra marka sem íbúar sætta sig við. Fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu er ekki meiri en svo að íbúar sækja vinnu þangað.

Grunnurinn að atvinnustefnu Skeiða- og Gnúpverjahrepps var lagður með SVÓT

greiningum árin 2013 og 2016. Með því að draga fram þætti sem hafa bein áhrif innan sveitarfélagsins var leitast eftir því að byggja undir styrkleika atvinnulífsins og draga úr veikleikum þess með því að setja fram markmið, skilgreina aðgerðir og ábyrgðaraðila ásamt því að draga fram árangursmælikvarða sem hægt er að nota til þess að meta árangur af framgangi stefnunnar. Á sama hátt voru dregnir fram utanaðkomandi þættir sem hafa áhrif á atvinnumál í sveitarfélaginu. Með því að huga að þeim þáttum má búa í haginn fyrir tækifærum í nánustu framtíð ásamt því að draga úr áhrifum að utanaðkomandi ógnunum sem steðja að.

Fyrsta upplýsing

Þættir innan sveitarfélagsins

Sammerkt með SVÓT greiningunum tveimur var að íbúar telja helstu styrkleika þess vera hæfileg nálægð við höfuðborgarsvæðið ásamt því að sveitarfélagið er miðsvæðis á Suðurlandi og tiltölulega stutt í helstu þéttbýlisstaði. Nálægð við náttúruperlur og hálendið var einnig talinn styrkur sem og að ljósleiðari hafi verið lagður á öll heimili í sveitarfélaginu. Góðir skólar og gjaldfrjáls leikskóli er talið til tekna ásamt því landbúnaður stendur nokkuð traustum fótum.

Það sem helst skortir á og er talið til veikleika sveitarfélagsins er einsleitt samfélag íbúanna, óheppileg aldurssamsetning og tilfinnanlegur skortur á íbúðarhúsnæði. Samstaða meðal íbúa sveitarfélagsins þykir lítil og stutt í djúpstæðan hrepparíg. Skipulagsmál hafa þótt í ólestri og skortur á stefnufestu af hálfu sveitarstjórnar. Samgöngur innan sveitar teljast veikar og einsleitir vinnumarkaður heldur ekki ungu fólki innan sveitarfélagsins.

Styrkleikar í atvinnumálum

Að mati íbúa liggur styrkur sveitarfélagsins í atvinnumálum í þessum þáttum.

Miðsvæðis á Suðurlandi.	Nálægð við höfuðborgarsvæðið	Stutt upp á hálendið
Fjölbreyttar náttúruperlur og ósnortin náttúra.	Afleidd störf í orkugeiranum	Sterkur landbúnaður
Pekking á lífrænni ræktun	Góðar samgöngur að og frá sveitarfélaginu.	

Veikleikar í atvinnumálum

Helstu veikleikar sveitarfélagsins í atvinnumálum eru þessir að mati íbúa.

Skortur á markaðssetningu	Almenningssamgöngur	Samgöngur innan sveitar
Skortur á orku til uppbyggingar	Skortur á íbúðarhúsnæði.	Smá og veikburða veitufyrirtæki
Skortur á afþreyingu	Erfið kynslóðaskipti í landbúnaði	Láglaunasvæði

Þættir utan sveitarfélagsins

Margir utanaðkomandi þættir hafa áhrif á atvinnumál sem erfitt er að hafa bein áhrif á. En með því að koma auga á og nýta tækifærin og að sama skapi að búa í haginn til þess að mæta ógnunum er hægt að draga úr ógnunum og hagnýta tækifærin.

Helstu ógnanirnar úr SVÓT greiningunum sem steðja að Skeiða- og Gnúpverjahreppi eru að mjólkurkvóti verði seldur burt og það dragi úr búskap. Óheft jarðakaup með önnur markmið en að stunda búskap breyta starfseminni í frístunda- og ferða-

mennskubú. Yfirvofandi virkjunarframkvæmdir geta takmarkað landnýtingu og óheftur aðgangur ferðamanna að viðkvæmum náttúruperlum geta spillt þeim. Breytingar á starfsskilyrðum í landbúnaði og kjörum bænda gæti ollið byggðaröskun.

Tækifærin á hinn bóginn geta falist í því að laða að íbúa sem vilja búa í dreifbýli með dýrahald og jarðrækt, en geta stundað fjarvinnslu vegna góðra fjarskipta. Aukin

fjölbreytni í landbúnaði og nýting landbúnaðarafurða styðja við atvinnuuppbyggingu. Aukin eftirspurn eftir lífrænt ræktuðum afurðum getur skapað tækifæri í ræktun. Aukin nýting orku sem framleidd er í sveitarfélaginu getur aukið fjölbreytni í atvinnulífi. Fjölgun ferðamanna ásamt náttúrufegurð og sögu Þjórsárdals eru ónýtt tækifæri.

Helstu ógnanir í atvinnumálum

Hér eru dregnir fram þættir sem íbúum þykir standa mest ógn af varðandi atvinnumál.

Kaup aðila að bújörðum sem ætla ekki að stunda búskap	Yfirvofandi virkjunarframkvæmdir	Hátt verð á mjólkurkvóta
Fjöldi ferðamanna á viðkvæma staði	Náttúruvá	Fjárvana vegagerð
Skert pósthjónusta	Sveitarfélögin i kring hafa meira aðdráttarafl	Skipulagsmál

Tækifærin í atvinnumálum

Íbúar sjá fjölmörg tækifæri í atvinnumálum í sveitarfélaginu. Þessir eru helstir.

Aukin fjölbreytni í landbúnaði	Fjarvinnsla	Aukin nýting landbúnaðarafurða
Fleiri iðnaðarlóðir	Flæði ferðamanna í gegnum sveitarfélagið	Saga Þjórsárdals
Aukin afþreying	Smáiðnaður, lítil stóriðja	Veitingastaðir – kaffihús
Beint frá býli	Lífræn ræktun	Eftirspurn eftir kyrrð
Nýsköpun og vöruþróun í landbúnaði	Þjórsá	

Stefna og framtíðarsýn

Stefna og framtíðarsýn Skeiða- og Gnúpverjahrepps í atvinnumálum er dregin fram hér, eftir undangengar vinnustofu og hugmyndasmiðju af hálfu íbúa sveitarfélagsins. Atvinnu-málanefnd lagði lokahönd á stefnuna..

Hlutverk

Hlutverk atvinnustefnu Skeiða- og Gnúpverjahrepps er að skapa sterkt atvinnulíf í sveitarfélaginu í sex atvinnumálaflokkum. Stefnan dregur fram styrkleika og tækifæri í atvinnumálum auk þess að búa í haginn til að mæta ógnunum og vinna á veikleikum.

Framtíðarsýn

Draga skal að öfluga atvinnustarfsemi sem styrkir íbúa sveitarfélagsins.

Nýta skal náttúrulegar auðlindir á sjálfbæran hátt sem byggir undir kröftugt atvinnulíf og blómlegt samfélag.

Aðgerðir

Unnið verður að nauðsynlegum verkefnum til þess að ná fram nýsköpun og þróun í sex atvinnu-málaflokkum: Menntun og rannsóknir, menningu og skapandi greinum, iðnaði og landbúnaði, verslun og þjónustu, lýðheilsu og umhverfismálum ásamt ferðaþjónustu

Markmið

Atvinnuálanefnd hefur skipt vinnu sinni við mótun atvinnustefnu í sex flokka. Atvinnustefnan tekur mið af SVÓT grein- ingum sem gerðar voru í sveitarfélaginu í desember 2013 og nóvember 2016. Hún byggir undir styrkleika sveitarfélagsins, dregur úr veikleikum þess, er tilbúinn að taka á móti tækifærum og undirbýr það að vinna á ógnunum.

Atvinnuflokkarnir sex eru; Menntun og rannsóknir, Menning og skapandi greinar, Iðnaður og landbúnaður, Verslun og þjónusta, Lýðheilsa og umhverfismál, Ferðaþjónusta.

Í hverjum flokki eru dregin fram markmið, aðgerðir til þess að ná þeim, ábyrgðaraðilar og að lokum settir fram mælikvarðar til þess að mæla árangur af framkvæmd markmiðanna.

Menntun og rannsóknir

Samstarf við háskóla og framhaldskóla verði öflugt. Lokaverkefni verði unnin í sveitarfélaginu.

1. Að koma á samstarfi við mennta- og menningarsamfélag.

Aðgerð	Eftirfylgni ábyrgð	Mælikvarði:
Mynda tengsl við menntastofnanir, listaháskóla, háskóla, kvikmyndaskóla, framhaldsskóla.	Sveitarstjórn.	Komin verði á tengsl við 3 menntastofnanir í árslok 2017 og 2 til viðbótar í lok vorannar 2018.
Bjóða fram hugmyndir að lokaverkefnum, unnin í sveitarfélaginu eða tengd því.	Sveitarstjórn	Boðin verði fram a.m.k. 2 ný verkefni á ári sem unnin verða í sveitarfélaginu eða tengt því. Komið verði á samstarfi við viðeigandi menntastofnun. Verkefni skulu liggja fyrir þann 1. október ár hvert.

Menning og skapandi greinar

Efla samstarf íbúa í skapandi greinum. Tengja saman skapandi greinar og menningarviðburði.

1. Að nýta skógarafurðir sem efni til hönnunar og arkitektúrs

Aðgerð	Eftirfylgni ábyrgð	Mælikvarði:
Koma á samstarfi Þjórsárskóla og Skógræktar ríkisins. Halda námskeið t.d. í nýtingu skógarafurða	Skógrækt ríkisins – Þjórsárdalur (Jóhannes á Ásólfstöðum).	Haldin verða námskeið í nýtingu skógarafurða fyrir samfélagið annað hvert ár. Í fyrsta sinn árið 2018
Að koma á samstarfi við LHÍ og LBHÍ í landslagsarkitektúr	Sveitarstjórn, menningarnefnd	Þjóða fram verkefni í Landslagsarkitektúr
Koma á samstarfi við Límtré Vírnet og Guðmund Magnússon	Sveitarstjórn, menningar- og æskulýðsnefnd	

2. Að skapa umgjörð fyrir listamenn og frumkvöðla

Aðgerð	Eftirfylgni ábyrgð	Mælikvarði:
Koma upp listasmiðju/galleríi eða vinnustofu þar sem sala á listmunum og handverki getur átt sér stað. (Bókasafnið Brautarholti, Reykjaréttir, kjallarinn í Þjórsárskóla, kjallari Árness)	Sveitarstjórn	
Laða að innlenda og erlenda listamenn til vinnu og miðlunar þekkingar	Sveitarstjórn	
Koma á listasmiðju/galleríi á Uppsprettnuni og á Landsnámsdeginum	Menningar- og æskulýðsnefnd	

Iðnaður og landbúnaður

Pekking og reynsla fyrirtækja verði nýtt til að finna nýjar leiðir til að auka virði afurða og auka framleiðni fyrirtækja. Halda í öflugan landbúnað og auka samkeppnishæfi hans.

1. Takmarka uppskiptingu landbúnaðarlands

Aðgerð	Eftirfylgni ábyrgð	Mælikvarði:
Setja skorður í aðalskipulag sem kemur í veg fyrir að frjósamt landbúnaðarland verði nýtt undir aðra starfsemi	Sveitarstjórn	Settar verði sértækar reglur um takmörkun á uppskiptingu lands áður en aðalskipulag verði samþykkt

2. Skipuleggja iðnaðarsvæði (stóriðnaður - smáiðnaður)

Aðgerð	Eftirfylgni ábyrgð	Mælikvarði:
Skipuleggja lóðir undir smáiðnað sem og stóriðnað. Tryggja aðgang að lóðum, rafmagni, ljósleiðara, aðveitu og fráveitu	Sveitarstjórn	Á hverjum tíma er tryggt að alltaf sé til reiðu ein lóð sem er tilbúin til uppbyggingar

3. Kortleggja gæði og notkun lands - jafnvel í samstarfi við háskóla og hugsa þetta sem lokaverkefni nemenda

Aðgerð	Eftirfylgni ábyrgð	Mælikvarði:
Kortleggja gæði og notkun lands í samstarfi við menntastofnanir, Landgræðslu ríkisins og Náttúrufræðistofnun. Lokaverkefni. Skoða möguleika á sjálfbærri nýtingu lands	Sveitarstjórn, Menningar- og æskulýðsnefnd	

4. Tryggja stöðugar samgöngur og bæta úr annmörkum vegakerfisins.

Aðgerð	Eftirfylgni ábyrgð	Mælikvarði:
Halda stöðufund um samgöngur og vegakerfi með Vegagerðinni og ráðamönnum.	Atvinnu- og samgöngumálanefnd	

5. Lágmarka kolefnisspor íbúa vegna verslunar og þjónustu.

Aðgerð	Eftirfylgni ábyrgð	Mælikvarði:
Kynna verslun og þjónustu í heimabygg með áherslu á lágmörkun kolefnisspora. Draga fram kolefnisspor innfluttra og innlendra vöruflokka	Atvinnu- og samgöngumálanefnd, Umhverfisnefnd	

6. Bæta aðstöðu og stuðning til nýsköpunar og atvinnuþróunar.

Aðgerð	Eftirfylgni ábyrgð	Mælikvarði:
Koma upp aðstöðu og stuðningi til nýsköpunar og atvinnuþróunar. Birta upplýsingar á vefsvæði sveitarfélagsins um málefnið	Atvinnu- og samgöngumálanefnd	Fjölgun sprotafyrirtækja á ári. Fjölgun starfa í sprotafyrirtækjum og við nýsköpun.

7. Vinna að orkuskiptum í landbúnaði og samgöngum

Aðgerð	Eftirfylgni ábyrgð	Mælikvarði:
Auka framleiðslu á endurnýjanlegum orkugjöfum úr lífrænum úrgangur og orkuríkum jurtum. Stuðla að orkuskiptum yfir í endurnýjanlega orkugjafa	Atvinnu- og samgöngumálanefnd, Umhverfisnefnd	
Fá kynningu um framleiðslu á lífdísel frá sérfræðingum um málefnið	Atvinnu- og samgöngumálanefnd, Umhverfisnefnd	Kynning á málefninu á árinu 2018

8. Flokkun á úrgangi verði framkvæmd á öllum heimilum og í öllum fyrirtækjum í sveitarfélaginu.

Aðgerð	Eftirfylgni ábyrgð	Mælikvarði:
Fylgja því eftir að úrgangur sé flokkaður og að tunnur og ílát séu til staðar á heimilum og fyrirtækjum	Umhverfisnefnd	98% heimila og fyrirtækja flokki úrgang í árslok 2018
Setja sveitarfélaginu og íbúum þess umhverfisstefnu	Umhverfisnefnd	Umhverfisstefna verði kynnt á haustfundi 2019

Verslun og þjónusta

Stuðla að aukinni verslun og þjónustu í heimabyggð.

1. Stuðla að aukinni verslun í heimabyggð og minnka kolefnisspor vegna þessa.

Aðgerð	Eftirfylgni ábyrgð	Mælikvarði:
Stuðla að aukinni netverslun með því að halda námskeið í netverslun og markaðssetningu	Atvinnu- og samgöngumálanefnd	

2. Setja upp sameiginlega afgreiðslustöð netverslana, tengdri listasmíðju.

Aðgerð	Eftirfylgni ábyrgð	Mælikvarði:
Setja upp sameiginlegan afgreiðslustað sem getur tengst listasmíðju þar sem vörur sem keyptar eru á netinu eru sendar út. Einn lager margir framleiðendur	Atvinnu- og samgöngumálanefnd	

3. Kanna þarfir og óskir íbúa í sveitarfélaginu varðandi atvinnuþætti

Aðgerð	Eftirfylgni ábyrgð	Mælikvarði:
Setja upp rafræna viðhorfskönnun	Atvinnu- og samgöngumálanefnd	Viðhorfskönnun unnin og kynnt á haustfundi sem er annað hvert ár um atvinnustefnu sveitarfélagsins. Í fyrsta sinn árið 2019

4. Auka ferðamannaverslun í sveitarfélaginu

Aðgerð	Eftirfylgni ábyrgð	Mælikvarði:
Setja upp markað – listasmíðju/gallerí á heppilegum stað	Sveitarstjórn	

Lýðheilsa og umhverfismál

Auka virkni íbúa í lýðheilsu og umhverfismálum.

1. Þjósárskóli verði heilsueflandi skóli

Aðgerð	Eftirfylgni ábyrgð	Mælikvarði:
Þjósárskóli verði í fararbroddi í heilsueflandi aðgerðum og vinni að því að samfélagið verði heilsueflandi	Sveitarstjórn, skólanefnd og Þjósárskóli	

2. Auka aðgengi íbúa að íþróttamannvirkjum

Aðgerð	Eftirfylgni ábyrgð	Mælikvarði:
Heilsueflandi samfélag dregur að nýja íbúa og styður við áframhaldandi búsetu	Sveitarstjórn, menningar- og æskulýðsnefnd	Salirnir í Árnasi og Brautarholti verði nýttir 30% meira árið 2018 heldur en 2017. Mælivíðmið er árslok 2017. Til þess að þetta megi verða þarf að lágmarka árekstra milli mismunandi notkunar húsnæðisins

3. Nýta umhverfið til afþreyingar á heilsueflandi hátt

Aðgerð	Eftirfylgni ábyrgð	Mælikvarði:
Auka aðgengi að Þjósárskógi, hálendi og fjöllum. Tryggja aðgengi íbúa að ferðamannastöðum – sveitapassi	Umhverfisnefnd	

Ferðþjónusta

Ferðþjónusta verði öflug atvinnugrein í sveitarfélaginu. Auka umferð ferðamanna og dreifa álagi yfir árið.

Þjósárdalur verði einn helsti segull í ferðþjónustu í sveitarfélaginu

Aðgerð	Eftirfylgni ábyrgð	Mælikvarði:
Byggja upp sjálfbæra ferðamennsku í Þjósárdal. Stýra aðgengi	Sveitarstjórn	Finna út þolmörk Þjósárdals og ákvarða fjölda í dalnum á hverjum tíma

Sjá til þess að hægt verði að auka við afþreyingu ferðamanna í sveitarfélaginu

Aðgerð	Eftirfylgni ábyrgð	Mælikvarði:
Styðja við uppbyggingu á mörkuðum, listasmíðjum, gönguferðum, hestaferðum, opnu húsi, sundlaugum, nýtingu á heitu vatni, sjálfbærri nýtingu náttúrunnar	Sveitarstjórn, menningar- og æskulýðsnefnd, atvinnu- og samgöngumálanefnd, einstaklingar	
Hafa samband við Markaðsstofu Suðurlands um samstarf og markaðssetningu sveitarfélagsins á ferðþjónustu	Sveitarstjórn	Í febrúar 2018 verður komið á samband við Markaðsstofu Suðurlands. Markaðsáætlun tilbúin í september 2018
Réttirnar sem staður fyrir eitthvað allt árið, dýr til að njóta		

Eftirfylgni

Gert verður ráð fyrir því að ábyrgðaraðilar hvers markmiðs fyrir sig muni fylgjast með framvindu þeirra og mæla árangur á tilteknum tímum. Heildarskoðun markmiðanna og árangursmælikvarðanna fer svo fram í tengslum við haustfundi sem haldnir eru af sveitarstjórn ár hvert þar sem atvinnustefnan er endurskoðuð, uppfærð og lagfærð.

Fyrsta uppkast